

hann og lagt fram bankakvittun ásamt yfirlýsingu frá Friðþjófi Karlssyni frá árinu 1971, er bendir til þess, að umrædd innstæða að fjárhæð kr. 36.966.70 hafi verið frá Friðþjófi komin, en ekki sóknaraðilja. Aðiljar hafa ekki lagt ágreining þennan undir úrskurð stjórnarinnar, og virðist hann ekki þannig vaxinn, að ástæða sé til, að stjórnin láti það mál til sín taka.

Eftir atvikum þykir mega ákveða þóknun varnaraðilja í einu lagi fyrir öll sörf hans, er að framan greinir. Þegar allt er virt, sem að framan er rakið, þar á meðal verðmæti þau, sem verkefni varnaraðilja tóku til (kr. 1.421.000.00 ÷ 1.317.000.00), þykir sú þóknun réttilega ákveðin kr. 90.000.00. Af þeirri fjárhæð þykir rétt að telja kr 48.000.00 til þeirra mála, sem sóknaraðili hefur óskað aðgreiningar um samkvæmt framansögðu, án þess að afstaða sé þar með tekin til þess, hvort sú aðgreining muni skipta hann máli.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 8.000.00 upp í málskostnað.

#### Því úrskurðast:

Þóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir lögfræðistörf í þágu sóknaraðilja, Jörundar Á. Guðlaugssonar, ákveðst kr. 90.000.00.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 8.000.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 20. júní 1973.

Nr. 98/1973: Valdstjórnin

gegn

Einari Sverri Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

#### Dómur Hæstaréttar:

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15.

júní 1973, sem barst dóminum 20. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. júní 1973.

Ár 1973, föstudaginn 15. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 13. þ. m. var brotizt inn í Háaleitis Apótek og þaðan stolið verulegu magni af lyfjum og lífshættulegum eiturefnum. Rökstuddur grunur leikur á því, að Einar Sverrir Einarsson, fæddur 11. ágúst 1944, hafi tekið þátt í innbrotinu. Styðst sá grunur m. a. við framburð Guðbjörns Lárusar Elíssonar hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, en hann hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu. Nefndur Einar var handtekinn klukkan 2115 í gær. Hann er þekktur vanaafbrotamaður. Rannsókn máls þessa er á algeru frumstigi. Nauðsyn er að útiloka möguleika kærða á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanlega samseka og vitni. Ber því með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða, að hann skuli sæta gæzluvarðhaldi, enda eru skilyrði til þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 7 dögum.

### Úrskurðarorð:

Einar Sverrir Einarsson skal sæta gæzluvarðhaldi allt að 7 dögum.

---